



# Starfsleyfi

**Leyfi til að rífa asbest klæðningu innanhús á Efra-Kolugili, 531 Hvammstangi, flutningi á úrgangi þaðan, til förgunar eða endurvinnslu.**

**Nafn leyfishafa:** Fh. Berserkir ehf. kt 590902-2920, **Hermann Þór Baldursson** kt. 171265-2909 framkvæmdastjóri.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda, þ.m.t. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs og meðfylgjandi skilyrða Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

**Leyfið gildir frá 1. apríl 2019 til 1. september 2019**

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og einnig ákvæðum III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um skyldur rekstraraðila til að draga úr myndun úrgangs, stuðla að réttri meðhöndlun hans, endurnotkun, endurnýtingu, geymslu og förgun ásamt ákvæðum um þrifnað lóða sem og neðangreindum starfsleyfis-skilyrðum sem um starfsemina gilda. Reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir heilsutjón og mengun af völdum niðurrifs og meðhöndlun asbestsúrgangs.

***Gildissvið:***

Starfsleyfið tekur til niðurrifs á innan úr íbúðarhúsi sbr. umsókn í tölvupósti dagsetta 28. 3.2019.

Leyfið tekur til allra verkþátta við ofangreinda framkvæmd, meðhöndlun á byggingarúrgangi og flutningi á honum til endurvinnslu eða förgunar.

**Skýrslugerð, endurnýting og förgun á úrgangi:**

Úrgangur sem til verður við niðurrifið og ekki skal endurnýttur skal fluttur á brott í viðurkennda förgun. Leitast skal við að skila úrgangi til förgunar með þeim hætti að hann falli sem best að endurvinnsluleiðum móttökuaðila. Öll brennsla á úrgangi á lóð er bönnuð. Gera skal skýrslu um magn og gerð efnis sem fellur til við niðurrif mannvirkja og afdrifum úrgangs.

**Spilliefni:**

Aspest: Sorphirða Vilhelm Harðarsonar mun sjá um að flokka og flytja úrgang, Hermann Þór Baldursson kt. 171265-2909 hefur leyfi til að meðhöndla aspest og mun sjá um þann þátt fyrir hönd sorphirðu Vilhelms Harðarsonar skv. reglugerð nr. 705/2009. Tilkynna skal urðunarstaðnum Stekkjarvík um aspest úrgang með nokkurra daga fyrirvara.

Olíumengaðan og jarðveg skal meðhöndla sem spilliefni og koma í viðurkennda förgun, sömuleiðis málmúrgangi menguðum af spilliefnum. Spilliefnum, sem og úrgangi sem mengaður er af spilliefnum, skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi. Starfsleyfishafi skal hafa tiltæk ísogsefni til hreinsunar á hugsanlegum olíuleka af hans völdum. Ef olíumengaður jarðvegur kemur í ljós undan olíutönkum skal starfsleyfishafi tilkynna slíkt til Umhverfisstofnunar.

**Varnir gegn slysum og mengun:**

Starfsleyfishafi skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu á meðan á framkvæmd stendur og tryggja góðan frágang athafnasvæðis að verki loknu.

Starfsleyfishafi skal tryggja að engin slysaætta fyrir utanaðkomandi stafi frá starfsemi á framkvæmdatímanum. Gildir það jafnt um hugsanlegt fok, hrun húshluta og byggingaleifa ásamt aðgengi óviðkomandi að vinnusvæðinu.

Leyfishafi skal leitast við að draga sem mest úr umhverfishávaða við niðurrifið.

**Úttektir og eftirlit:**

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðlega áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Meðfylgjandi starfsleyfi eru leiðbeinandi reglur varandi niðurrif húsa og annara bygginga frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Húnaþing vestra 28.3.2019

---

Sigríður Hjaltadóttir  
heilbrigðisfulltrúi